

Tillögur starfshóps um íþróttamál til Fræðslu- og tómstundarnefndar.

Starfshópur um íþróttamál í Hornafirði var settur á fót í mars 2015 með fulltrúum allra framboða í sveitarstjórn auk fulltrúa frá USÚ, Ungmennaráði og forstöðumanns íþróttamannvirkja. Starfsmaður hópsins var Eyrún Unnur Guðmundsdóttir, verkefnastjóri á Fræðsluskrifstofu. Hlutverk hópsins var að vera Fræðslu- og tómstundanefnd til ráðgjafar í málefnum sem snúa að íþróttamálum í Hornafirði. Í því skyni hafa meðlimir hópsins kortlagt þarfir mismunandi íþróttagreina út frá því sjónarmiði að efla og þróa áfram tækifæri til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu.

Í Sveitarfélaginu Hornafirði er starfrækt öflugt íþróttastarf sem býður íbúum á Höfn upp á fjölbreytt val í hinum ýmsum íþróttagreinum. Samhliða öfluggu starfi er nauðsynlegt að bjóða iðkendum upp á örugga og góða aðstöðu sem veitir þeim tækifæri til þess að iðka sína grein á sem öruggastan hátt. Ef ekki þá aukast líkur á meiðslum, brottfall eykst og minni framfarir og minni þróun verður innan greina. Þá er líka mikilvægt að huga að geymsluaðstöðu fyrir tæki og búnað en í dag er mikill skortur á geymslum sem gerir það að verkum að áhöld og tæki skemmast eða eru illa farin og geta beinlínis verið hættuleg iðkendum. Landfræðileg staðsetning gerir iðkendum og þjálfurum einnig erfitt fyrir því það er bæði langt og kostnaðarsamt að sækja mót og æfingabúðir annars staðar á landinu, sem mögulega væri einnig hægt að bjóða upp á hér heima ef íþróttastaðan væri betri. Í upphafi var framkvæmd svokölluð SVOT-greining sem metur styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri innan hvorrar deildar. Þær niðurstöður voru síðan nýttar til þess að koma auga á ný tækifæri og bæta núverandi aðstæður til íþróttaiðkunar.

Starfshópurinn hefur fundað í fimm skipti og leggur eftirfarandi til:

Aðstöðusköpun:

- Starfshópurinn bendir á að í dag er íþróttahúsið ekki fullnýtt og eru starfsmenn sveitarfélagsins og Sindra hvattir til þess að skoða í sameiningu hvort hægt sé að auka opnunartíma og nýta þar með húsið betur.
- Lagt er til að athuga hvort hægt sé að bæta við æfingarsvæði fyrir fótboltaæfingar.
- Lagt er til að nýr íþróttasalur í fullri stærð verði byggður við núverandi íþróttahús. Gamli salurinn verður þá fimleikasalur og aðrar innanhús greinar verða iðkaðar í nýja salnum.
- Lagt er til að vallarhús verði byggt við hlið Bárunnar sem hýsir geymslur, klósett, búningsaðstöðu og félagsaðstöðu Sindra og USÚ.
- Í dag er skortur á varanlegu húsnæði fyrir líkamsrækt og því leggur hópurinn til að búin verði til aðstaða í tengslum við íþróttahús og sundlaugina.

Til eflingar deilda:

- Í sameiginlegum niðurstöðum SVOT – greininga frá deildum kemur fram að helstu ógnanir við íþróttastarf eru færri iðkendur, fjölgun greina og erfiðleikar við að manna þjálfarastöður.

- Lagt er til að starfsmenn sveitarfélagsins og Sindra leggi metnað sinn í að styðja við menntun þjálfara, leiðbeinanda og leiðtoga fyrir íþróttastarf barna og unglinga.
- Starfshópurinn veltir fyrir sér hvort sveitarfélagið geti styrkt íþróttahreyfinguna með því að veita íþróttakennurum grunnskólans leyfi til þess að hefja þjálfun um leið og skóla lýkur á daginn.
- Starfshópurinn veltir fyrir sér hvort hægt sé að koma til móts við þessar ógnanir með því að efla samvinnu milli íþróttadeilda Sindra og félaga innan USÚ. Þannig væri hugsanlega hægt að byggja upp alhliða íþróttastarf sem býður iðkendum upp á fjölbreytni og myndi auka samfellu í íþróttastarfinu. Meðal annars var rætt um einhverja útgáfu af íþróttaskóla fyrir yngstu iðkendurnar, til dæmis í boltagreinum. Einnig kom fram hugmynd um að samnýta þrekæfingar þvert á deildir.
- Fram hefur komið að erfiðlega hefur gengið að manna stjórnir innan deilda Sindra. Upp kom sú hugmynd að skoða hvort breytingar á núverandi stjórnarfyrikomulagi myndi mögulega koma til móts við það. Dæmi kom upp að mynda eina stjórn innan Sindra sem hefði þá umsjón með öllu barna- og unglingastarf og síðan hefðu foreldrar kost á að bjóða sig fram í foreldraráð hjá hverjum flokki. Hlutverk stjórnarinnar væri þá meðal annars að halda utan um og úthluta fjáröflunum jafnt á deildir. Meistaraflokkar fengju þá ekki styrki frá sveitarfélaginu.
- Lagt er til að starfsmenn sveitarfélagsins skoði fjáraflanir til íþróttafélaga og annarra félagasamtaka og setji reglur um hvernig föstum verkefnum er úthlutað. Hugmynd er um að starfsmenn sveitarfélagsins taki saman fyrirsjáanleg verkefni á hverju hausti og um áramót og sendi til framkvæmdarstjóra Sindra sem síðan úthlutar verkefnunum til allra deilda.
- Í sameiginlegum niðurstöðum SVOT-greiningar kom fram skortur á skammtíma- og langtímamarkmiðum, bæði hjá sveitarfélaginu og öllum deildum Sindra. Starfshópurinn hvetur viðeigandi starfsmenn til þess að bregðast við því, annað hvort með skipulögðum vinnufundum eða á annan hátt sem hentar best hverju sinni.

Í viðauka má sjá óskir deilda varðandi kaup á búnaði og tækjum til þess að þróa starfið áfram.

Viðauki

Fimleikadeildin

Áhöld sem fimleikadeildina vantar í þeirri röð sem þarfast er. Í verðinu er flutningskostnaður til Íslands.

1. Hlauparenningur 25m 293.307 kr. Pe-Redskaber
2. Lendingarsett fyrir fibertrack 500x300x33cm 849.471 kr. Pe-Redskaber
3. Dorado trampólín 40 gorma 490.131 kr. Pe-Redskaber
4. Loftgryfja ?
5. Tarpan Stökkhestur 591.554 kr Pe-Redskaber
6. Fibergólf (dýnugólf) 15m 3.826.067 kr Pe-Redskaber
7. Dansrenningar keppnisgólf 14x20m 3.195.502 kr. Pe-Redskaber
8. Dorado trampólín 36 gorma 478.553 kr. Pe-Redskaber
9. Lendingarsett fyrir trampólín 600x400x35cm 1.705.811 kr. Pe-Redskaber

Knattspyrnudeildin

1. Skortur á vallarhúsnæði.

Friálsþróttadeildin

1. Vallarhús: áhöld alltaf ónýt.
2. Hús yfir hástökkdýnu.
3. Nýja hástökkdýnu.
4. Festingar fyrir hæðarstillingu í hástökki.
5. Renninga fyrir spretthlaup.
6. Sand í gryfjurnar.
7. Tímatökubúnað.
8. Æfingaspjót.
9. Dúk ofan á gryfjur.

Sunddeildin

1. Spjaldtölvu fyrir þjálfara.

Blakdeildin

1. Íþróttahús með þremur völlum.

2. Gólf í Bárúna.

Skotfélagið

1. Svæðinu sem skotfélaginu var úthlutað hefur ekki verið deiliskipulagt og því hefur starfsemi félagsins ekki þróast áfram. Stjórn skotfélagsins óskar eftir því að gengið verði frá deiliskipulagi á þessu æfingarsvæði.